

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 25. febrúar 2021
UST202102-304/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýtt deiliskipulag – Leirusvæðið á Höfn

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 17. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna lýsingar á breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýju deiliskipulagi fyrir Leirusvæðið á Höfn.

Í greinargerð kemur fram að svæðið er skilgreint sem lágreist íbúðarbyggð fyrir einbýli-, keðju- og sambýlishús. Auk þess kemur fram að leyfilegur fjöldi íbúða á svæðinu eru 20-30 íbúðir og gengur breytigin út á að fjölga íbúðum í allt að 40 íbúðir. Einnig kemur fram að norðan við svæðið er gert ráð fyrir nýrri tengingu þjóðveggar inn í bæinn og að hafnarsvæðinu.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að leirurnar á svæðinu njóta verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga. Auk þess kemur fram að gegnum árin hefur leiran verið að þorna upp og landfyllingin sem nýja byggðin stendur á voru á hluta leirunnar sem að miklu hluta var búið að þurrka upp.

Umhverfisstofnun bendir á að leirurnar falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á að Skarðsfjörður er skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði (<https://www.ni.is/node/16132>), fjörðurinn er á náttúruminjaskrá (<https://natturuminjaskra.ni.is/>) og tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands á B-hluta náttúruminjaskrár (<https://www.ni.is/greinar/au-skardsfjordur>).

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur